

**Stefnir – Skuldabréfaval hs.**  
Útboðslýsing

Stefnir hf.  
31. júlí 2024

**EFNISYFIRLIT**

Yfirlýsing .....	3
Yfirlýsing rekstraraðila.....	3
Helstu atriði úr útboðslýsingu .....	4
UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN .....	5
Starfsemi.....	5
Rekstraraðili .....	5
Starfskjarastefna .....	6
Vörsluaðili .....	6
Söluaðili .....	7
Endurskoðandi.....	7
Áhætta .....	8
Almennt .....	8
Áhættuflokkun.....	8
Áhætta tengd fjármálagerningum.....	8
Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum .....	8
Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina.....	9
Kaup og sala hlutdeildarskírteina .....	10
Sölugengi.....	10
Ársreikningur og hálfársuppgjör.....	11
Skattamál.....	11
Rekstrarkostnaður.....	11
Útvistun verkefna .....	11
Fylgigögn .....	13
Viðauki I: Reglur Stefnis – Skuldabréfavals hs. ....	13
Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði.....	18

**YFIRLÝSING*****Yfirlýsing rekstraraðila***

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum Stefnis – Skuldabréfavals hs.

Sjóðurinn er rekinn af Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefnir hf. lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 31. júlí 2024.

---

Jón Finnbogason,

framkvæmdastjóri

## HELSTU ATRIÐI ÚR ÚTBODSLÝSINGU

<b>Almennt</b>	Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rými fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingarinnar. Kennitala sjóðsins er 531213-9980.
<b>Grunnmynt</b>	Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna.
<b>Starfsemi</b>	Starfsemi sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta takmarkast við að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í innlánnum og fjármálagerningum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
<b>Rekstraraðili</b>	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
<b>Vörsluaðili</b>	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
<b>Söluaðili</b>	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
<b>Kaup- og sölugengi</b>	Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og annarra fjármálagerna sem sjóðurinn á hverju sinni.
<b>Innlausnartími</b>	Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi ef umsóknir berast fyrir kl. 14:30. Uppgjörstími sjóðsins er T+2.
<b>Arðgreiðslur</b>	Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
<b>Fjárhæð</b>	Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 10.000 kr. að söluverði en 5.000 kr. að söluverði í áskrift.
<b>Réttindi</b>	Allir, sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerna, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Þá er athygli fjárfesta vakin á því að til þess að Stefni geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og viðeigandi reglur. Stefni hefur sett sér persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á starfsstöð Stefnis hf. að Borgartúni 19, á heimasíðu Stefnis og afgreiðslustöðum Arion banka.

## UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

### *Starfsemi*

Stefnir – Skuldabréfaval hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta gilda önnur lög og aðrar reglur en gilda um verðbréfasjóði, t.d. varðandi fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri skv. lögum nr. 45/2020 og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og sérstaklega kaflann um fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn var stofnaður 19. nóvember 2014 og starfar í einni deild.

Útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar, reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins auk upplýsingablaða má fá á skrifstofu Stefnis hf. að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Stefnis, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

Fyrri útboðslýsing var gefin út 24. janúar 2023. Þessi útboðslýsing er gefin út 31. júlí 2024.

Í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 verður fjárfestum í sjóðnum reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið og aðrar upplýsingar sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum tilkynningum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar veitir Stefnir hf. a.m.k. árlega.

Upplýsingar um fyrri árangur og eignasamsetningu sjóðsins er að finna á heimasíðu Stefnis.

### *Rekstraraðili*

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík (einnig nefnt „rekstraraðili“) er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020. Stefnir hf. var stofnað þann 26. september 1996. Útgefið hlutafé þess nemur 43,5 millj. kr. og er það allt greitt. Félagið er að fullu í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“) og tengdra aðila. Stefnir hf. rekur fjölmarga sjóði um sameiginlega fjárfestingu, en yfirlit má finna í Viðauka II.

Stefnir hf. er rekstraraðili ýmissa sjóða á grundvelli heimildar laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og á grundvelli laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stefnir hefur einnig starfsleyfi til að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi félagsins felst einkum í rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hefur það á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

Stjórn Stefnis skipa Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður, kt. 180863-3629, sjálfstætt starfandi, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir varaformaður, kt. 230969-5239, forstjóri Creditinfo hf. og Guðmundur Jóhann Jónsson, kt. 041159-2439, fyrrum forstjóri Varðar trygginga hf. Framkvæmdastjóri Stefnis er Jón Finnbogason, kt. 040873-3769. Frekari upplýsingar um stjórn og hagsmunatengsl er að finna á heimasíðu Stefnis hf.

Rekstraraðili skal starfrækja sjóð í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, þ.m.t. starfa af heiðarleika, fagmennsku, kostgæfni og sanngirni og starfa með hagsmuni sérhæfðra sjóða sem hann rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

### **Starfskjarastefna**

Félaginu hefur verið sett starfskjarastefna. Meginsjónarmið varðandi kjör starfsmanna Stefnis er að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til þess að Stefnir geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk. Jafnframt er markmið Stefnis að tryggja að störf hjá Stefni séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga. Við mörkun starfskjarastefnunnar skal gætt að því að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og heilbrigður rekstur Stefnis tryggður. Við starfskjör skal jafnframt horft til fylgni við stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar og virkt eignarhald samkvæmt reglum um meðferð umboðsatkvæða.

Starfskjarastefnan er liður í að gæta hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa, annarra viðskiptavina, langtímahagsmuna eigenda Stefnis, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Stefnir leitast við að samræma áherslur varðandi starfskjör við stefnu og áherslu Arion banka hf. innan þess sem lög og reglur heimila og að því marki sem samræmist tilgangi félagsins, hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa þess og góðum stjórnarháttum.

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og góða stjórnarhætti ber stjórn Stefnis að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess. Starfskjarastefna Stefnis gildir um alla starfsmenn félagsins. Gildandi starfskjarastefnu má finna í heild sinni á heimasíðu félagsins.]

### **Vörsluaðili**

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. („Arion banki hf.“ eða „bankinn“), sbr. 32. gr. laga nr. 45/2020. Arion banki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 sem veitir alhliða bankaþjónustu og starfrækir m.a. fjárfestingarþjónustu skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Rekstraraðili hefur útvistað vörslu fjármálagerninga, uppgjöri viðskipta og fleiri verkefnum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 29. gr. laga nr. 45/2020. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020, hefur útvistun verkefna engin áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stefnir hf. getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“).

Lögbundið hlutverk vörsluaðila skv. 37. gr. laga nr. 45/2020 er m.a. að vakta sjóðstreymi sjóðs og tryggja að allir fjármunir séu móttæknir og lagðir inn á reikninga sjóðsins. Þá skal vörsluaðili varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins, eða rekstraraðila sjóðsins, svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum, sbr. 38. gr. laga nr. 45/2020. Enn fremur skal vörsluaðili tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn, ógilding hlutdeildarskírteina eða hluta og útreikningur á virði hlutdeildarskírteina eða hluta sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðs. Aukinheldur ber vörsluaðila að framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða

reglur sjóðsins, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær greitt innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins, sbr. 39. gr. laga nr. 45/2020.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útivistunaraðila hans glatast. Vörsluaðili ber þó ekki ábyrgð skv. 1. mgr. 41. gr. ef hann getur sýnt fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 45/2020.

Þá ber vörsluaðili ábyrgð á öðru tjóni en skv. 1. mgr. 41. gr. sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sérhæfðum sjóði eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 45/2020. Nánar um ábyrgð vörsluaðila fer skv. reglugerð nr. 555/2020.

Rekstraraðili og vörsluaðili skulu vera óháð í störfum sínum. Rekstraraðili skal ætíð hafa hagsmuni sérhæfðra sjóða sem hann rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020. Þá skal rekstraraðili koma fram við fjárfesta af sanngirni, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 45/2020 skal vörsluaðili sinna hlutverki sínu af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og óhæði og standa vörð um hagsmuni sérhæfðs sjóðs og fjárfesta hans.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, verðbréfasjóðs, fjárfesta eða rekstrarfélags nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá. Stefnir hefur sett stefnu um hagsmunaárekstra. Ekki er hægt að útiloka að hagsmunaárekstrar geti komið upp við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefnir hefur sett upp stýringar til þess að takmarka hagsmunaárekstra eftir bestu getu hverju sinni. Með vísan til framangreinds er því dregið verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu og virku eftirliti. Ef upp koma hagsmunaárekstrar grípur Stefnir til viðeigandi ráðstafana og skráir þá jafnframt á þar til gert yfirlit.

### ***Söluaðili***

Stefnir hefur útvistað að hluta markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavini til Arion banka hf. á grundvelli heimildar 29. gr. laganna. Bankinn annast þjónustu við þá sem vilja fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.

### ***Endurskoðandi***

Endurskoðandi sjóðsins og rekstrarfélagsins er Deloitte ehf., kt 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Fyrir hönd Deloitte ehf. fer Gunnar Þorvarðarson, kt. 2410824239, löggildur endurskoðandi með endurskoðun sjóðsins.

## Áhætta

### Almennt

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa.

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

### Áhættuflokkun

Stefnir hefur skipt sjóðum í rekstri félagsins í sjö flokka eftir staðalfráviki vikulegrar ávöxtunar sl. 5 ára. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga taka breytingum. Flokkunin grundvallast á leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (e. ESMA – áður CESR) um útreikning mælikvarðans.

Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta kunna að búa við í rekstri sínum

### Áhætta tengd fjármálagerningum

Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástandi. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina. Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, þ.e. áhættan á að ekki reynist unnt að selja verðbréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

### Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum

1. *Markaðsáhætta* vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir sjóðsfélaga.
2. *Greiðsluáhætta*. Þar sem sjóðurinn mun eiga, kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hættu fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir selda gerninga eða að seljandi afhendi ekki gerninga sem sjóðurinn hefur keypt.
3. *Vörslu- og uppgjörsáhætta*. Rekstraraðili sjóðsins felur vörsluaðila vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glattist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkun hans eða svika. Sú hættu er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
4. *Áhætta höfuðstóls*. Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem



sjóðurinn er fjárfestur í á hverjum tíma. Þá fylgir því ávallt jafnframt áhætta að fjárfesta í hverskonar skuldaviðurkenningum um að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni. Jafnvel þó að tiltekna tryggingar eru settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í virði eða af einhverju ástæðum að þær eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Getur það leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld.

5. *Verðbólguáhætta.* Þar sem sjóðurinn fjárfestir í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum sem geta verið óverðtryggð, er umtalsverð verðbólguáhætta í sjóðnum, sú áhætta skapast af því ef verðbólga til skemmri eða lengri tíma verði hærri en ávöxtun sjóðsins. Þá rýrna eignir sjóðsins og þar með hlutdeildarskírteini sjóðsins að raunvirði.
6. *Ytri ástæður* á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegan óstöðugleika eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir sjóðsfélaga.
7. *Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum og öðrum lánveitingum sjóðsins.* Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er ávallt í innlánnum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis/fjármálafyrirtækja. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánnum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn getur fjárfest bæði í óbundnum og bundnum innlánnum (stundum nefnt heildsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán) en meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Þá hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í víxlum, skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum geta útgefendur verið aðrir en íslenska ríkið og komi til greiðslufalls þeirra getur sjóðurinn og þá hlutdeildarskírteinishafar orðið fyrir tjóni, t.a.m. á formi tapaðra vaxta þar til ríkisábyrgð eru uppfyllt. Einnig ef íslenska ríkið stendur ekki við skuldbindingar sínar mun það valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er því hætta á að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.
8. *Áhætta tengd sjálfbærni.* Sjálfbærniáhætta er skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnhátta (UFS), sem gæti, ef raungerist, haft raunveruleg eða hugsanlega veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingar sjóðsins. Aftur á móti, getur sjálfbærniáhætta aukið verulega sveiflur í ávöxtun eignasafnsins. Gert er ráð fyrir að útilokanir tiltekinna geira og/eða ákveðna útgefendur frá fjárfestanlegu mengi (e. Investment universe) dragi úr sjálfbærniáhættu eignasafnsins. Hins vegar geta útilokanir aukið samþjöppunaráhættu eignasafnsins sem gæti leitt til aukinna sveiflna og tapsáhættu.

### ***Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina***

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafns sjóðsins, vörsluaðila, rekstraraðila, ásamt nafni og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn

rekstraraðila sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnríttunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins. Hlutdeildarskírteinum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Stefnir fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur stjórn rekstraraðila gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrir en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

### ***Kaup og sala hlutdeildarskírteina***

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs, sbr. 77. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi. Lágmarksfjárfesting hluta er 10.000 kr. að söluverði en lágmark í áskrift er 5.000 kr.

Umsóknir um innlausnir, sem berast söluaðila fyrir lokunartíma sjóðsins, á opunardegi Arion banka hf., ber að afgreiða samdægurs. Umsóknir, sem berast eftir þennan frest, ber að afgreiða á næsta opunardegi bankans.

### ***Sölugengi***

Arion banki hf. annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

Sölupóknun er innifalin í sölugengi. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis, en hvort tveggja telst vera „skírteinisgjald“.

Gjald vegna útgáfu hlutdeildarskírteina er 5.000 krónur.

Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út einu sinni á hverjum opunardegi.

Gengið breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum á verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Slíkar breytingar mun Stefnir hf. birta á heimasíðu sinni auk þess sem Arion banki birtir þær á afgreiðslustöðum bankans.

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila en starfrækt er verðmatsnefnd innan Stefnis hf. Þá er verðmat háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

### **Ársreikningur og hálfársuppgjör**

Endurskoðaður ársreikningur Stefnis skal vera aðgengilegur hlutdeildarskírteinishöfum eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör skal ennfremur liggja frammi á heimasíðu Stefnis eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers uppgjors til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstraraðila skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

### **Skattamál**

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Arion banki hf., vörsluaðili sjóðsins, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða.

Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

### **Rekstrarkostnaður**

Stefnir á rétt á þóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins sem og Arion banki hf. fyrir að hafa með höndum umsjón með reikningshaldi og vörslu fjármálagerninga hans. Þá er afgreiðslugjald við útgáfu þessarar lýsingar 700 kr., en 0 kr. í netbanka og appi vörsluaðila.

Öll gjöld og þóknanir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

### **Útvistun verkefna**

Stefnir hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 29. gr., laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

- Útvistun bókhalds- og uppgjörþjónustu
- Útvistun starfsmannaþjónustu
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptabankasviðs (þ.m.t. dreifing með rafrænum miðlum)
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptaumsjónar
- Útvistun lögfræðiþjónustu

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu skv. viðeigandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem skilgreind er sem mikilvæg þjónusta:

- Útvistun innri endurskoðunar
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu (einnig hefur Fjármálaeftirlitið samþykkt keðjuútvistun til Origo hf.)
- Útvistun regluvörslu (þ.m.t. persónuvernd og aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka).

Stefnir hf. yfirfer þjónustu útvistunaraðila með reglubundnum hætti, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 116/2021. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 116/2021 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstraraðila engin áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis hf. gagnvart sjóðnum eða fjárfestum. Ekki er hægt að útiloka að upp geti komið hagsmunaárekstrar við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir,

misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefni hefur verið sett stefna um hagsmunaárekstra og skráir hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma á þar til gert yfirlit. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga. Útvistun Stefnis á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans. Stefnir getur hvenær sem er slitið útvistunarsamningum þjóni þeir ekki lengur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa að mati Stefnis. Jafnframt er vísað til fyrri umfjöllun hér um hagsmunaárekstra almennt.

**FYLGIGÖGN****Viðauki I: Reglur Stefnis – Skuldabréfavals hs.****Reglur  
Stefnir – Skuldabréfaval hs.****1. gr.****Heiti sjóðsins, tegund, rekstrarform og rekstraraðili**

Nafn sjóðsins er Stefnir – Skuldabréfaval hs. (erlent nafn sjóðsins er Stefnir Fixed Income Opertunitites Fund) Kennitala sjóðsins er 531213-9980. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020. Ekki verður skipt um rekstraraðila nema með ákvörðun stjórnar Stefnis hf. og með samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið). Við slíka ákvörðun ber að tilkynna hlutdeildarskírteinishöfum sjóðsins um breytinguna og innlausnarrétt þeirra skv. 84. og 85. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi. Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.

**2. gr.****Markmið, fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna sjóðsins****Markmið**

Með fjárfestingum sjóðsins er leitast við að ná fram ávöxtun í dreifðu safni skuldabréfa útgefnum af opinberum aðilum, fyrirtækjum og fjármálastofnunum ásamt eignavörðum skuldabréfum sbr. 3. tl. fjárfestingarstefnunnar. Þá hefur sjóðurinn heimild til fjárfestinga í innlánnum fjármálafyrirtækja. Samsetning sjóðsins á hverjum tíma mun fara eftir því sem sjóðstjórar telja hagkvæmt miðað við markaðsaðstæður.

**Fjárfestingarheimildir**

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og þeim ákvæðum laga nr. 45/2020 sem nefnd eru hér að neðan.

1. Sjóðnum er heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánnum sama fjármálafyrirtækis, skv. 2. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
2. Sjóðnum er heimilt, skv. 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.
3. Samanlögð fjárfesting sjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40% skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
4. Sjóðurinn hefur heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Nýti sjóðurinn heimildina skulu þau dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins. Ef eignarhlutur nemur allt að 35% þá nýtir sjóðurinn heimild 4. tl. 1. mgr. 93. gr.
5. Sjóðnum er heimilt, skv. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í sama útgefanda.

6. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagnun hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, sbr. 90. gr. laga nr. 45/2020.
7. Sjóðurinn hefur ekki heimild til að binda fé sitt í afleiðum. Sjóðnum er þó heimilt að eignast afleiður með óbeinum hætti í gegnum fjárfestingar.

### Fjárfestingarstefna

Í reglum þessum er sundurliðun fjárfestingastefnu sjóðsins sem hér segir:

1. Sértryggð skuldabréf útgefin skv. lögum 11/2008	0 - 80%
2. Eignavarin skuldabréf	0 - 50%
3. Skuldabréf á fyrirtæki þar sem tryggingar liggja að baki	0 - 50%
4. Skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0 - 50%
5. Skuldabréf sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga	0 - 35%
6. Innlán eða víxlar fjármálafyrirtækja	0 - 60%
7. Skuldabréf fyrirtækja	0 - 25%
8. Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja	0-50%
9. Sérhæfðir sjóðir sem fjárfesta í skuldabréfum eða öðrum skuldaviðurkenningum	0-10%
10. Önnur skuldabréf og víxlar	0 - 15%

Samkvæmt 1. tl. fjárfestingarstefnunnar er heimilt að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum, útgefnum af fjármálafyrirtækjum sem njóta tryggingaréttar í tryggingarsafni útgefanda á grundvelli laga nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf og einnig samningsbundnum sértryggðum skuldabréfum sem ekki byggja á lagagrundvelli.

Samkvæmt 2. tl. fjárfestingarstefnunnar er heimilt að fjárfesta í eignavörðum skuldabréfum en það eru skuldabréf þar sem undirliggjandi eignir standa til tryggingar á greiðslu skuldabréfanna. Útgefandi getur hvort heldur verið sérhæfður sjóður eða félag (s.s. einkahlutafélag, hlutafélag eða samlagshlutafélag), sem varðveitir þær tryggingar eða eignir sem ætlað er að tryggja endurgreiðslu skuldabréfanna. Eignavarin skuldabréf geta verið notuð til fjármögnunar á t.d. íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, skuldaviðurkenningum o.fl. og eru eftir atvikum skráð á skipulegan verðbréfamarkað.

Samkvæmt 3. tl. fjárfestingarstefnunnar er heimilt að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum þar sem tryggingar liggja að baki en þar er átt við skuldabréf þar sem meðal annars er veitt trygging í fasteign, skipi, bifreið, flugvél eða öðrum framlögðum tryggingum.

Með skuldabréfum og víxlum skv. 7. og 8. tl. fjárfestingarstefnunnar er átt við skuldaviðurkenningar án þess að lagðar séu fram sérstakar tryggingar.

### Afleiður

Í samræmi við lög nr. 45/2020 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 4. og 5. tl. 89. gr., 92. gr., 1. og 3. tl. 1. mgr. 93. gr. og 2. mgr. 93. gr. laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingastefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Sjóðurinn getur nýtt sér kosti framvirkra samninga, valréttta eða skiptasamninga.

### Lántaka

Sjóðurinn hefur heimild, skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, til þess að taka lán til skamms tíma fyrir allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins.

**3. gr.****Vörsluaðili sjóðsins**

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefnir hf. getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins. Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstraraðila og viðkomandi vörsluaðila.

**4. gr.****Þóknunir**

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,0% á ári.

Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar er innheimt sölubóknun fyrir sölu og innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 2,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Þegar fjárfest er í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af Stefni hf., eða öðru félagi sem Stefnir hf. tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er Stefni hf. ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðnum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun Stefnis hf. og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstraraðili áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbrefavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst- og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

**5. gr.****Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra**

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eign og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs, sbr. 77. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttokin af söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli eru móttokin fyrir lokunartíma sjóðsins. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:30 hvern virkan dag. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+2, þ.e.a.s. það á sér stað tveimur virkum dögum eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð. Innlausnarverð

hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta hverju sinni.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 45/2020 uppfyllt.

#### 6. gr.

##### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar**

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### 7. gr.

##### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutar**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina, sbr. 88. gr. laga nr. 45/2020.

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

#### 8. gr.

##### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstraraðila sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin af Stefni hf. og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 45/2020. Þá tekur Stefni hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 45/2020. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiddis eða á öðrum varanlegum miðli ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um samruna skal meðal annars hafa að geyma þær upplýsingar sem 83. og 84. gr. laga nr. 116/2021 kveða á um, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 45/2020, og send eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu eða, ef við á, rétti hlutdeildarskírteinishafa til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust lýkur. Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Ef við á skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum sjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstraraðili/rekstrarfélagi eða félagi sem rekstraraðilinn/rekstrarfélagið er tengt í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald.

Innlausnarskyldan og rétturinn til að skipta hlutdeildarskírteinum í hlutdeildarskírteini í öðrum sjóði tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

Komi til slita sjóðsins án samruna skal Stefni hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn



Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

### 9. gr.

#### **Sambætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli**

Þessi kafli veitir fjárfestum upplýsingar um sambættingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“).

Sjóðurinn nýtir sér grunn UFS viðmið við fjárfestingarákvarðanir og fellur undir 6. grein SFDR. Í sambættingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli felast siðferðilegar takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins sem má finna á heimasíðu félagsins (<https://www.stefnir.is/sjalfbaerni/abyrgar-fjarfestingar/adferdafraedi/>).

Sjóðurinn er ekki skuldbundinn til að stuðla að umhverfis- og/eða félagslegum einkennum og hefur ekki sjálfbærar fjárfestingar að markmiði. Fjárfestingar sjóðsins taka hvorki mið af flokkunarkerfi Evrópusambandsins um sjálfbæra atvinnustarfsemi né taka tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti (PAI).

Reykjavík, 31. ágúst 2016,

með breytingum gerðum 15. apríl 2021, 23. nóvember 2021 og 25. júní 2024.

**Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði**

Yfirlit yfir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta sem Stefnir hf. rekur við útgáfu þessarar útboðslýsingar, nýjustu upplýsingar er ávallt hægt að finna á heimasíðu félagsins:

Heiti / eignaflokkur	Kennitala	Tegund
<b>Íslensk skuldabréf</b>		
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð hs.	671009-9910	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður hs.	630109-9810	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs.	650398-9129	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.	490499-9039	Verðbréfasjóður
Stefnir – Skuldabréfaval hs.	531213-9980	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Lausafjár sjóður hs.	520412-9640	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Sparifjár sjóður hs.	520617-9810	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Vaxtasjóður hs.	531020-8390	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Sjálfbær skuldabréf hs.	581120-9900	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
<b>Blandaðir sjóðir</b>		
Stefnir – Samval hs.	561204-9180	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir - Grænaval hs.	581120-9820	Verðbréfasjóður
Eignaval A hs.	511005-8840	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Eignaval B hs.	511005-8920	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Eignaval C hs.	511005-9060	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Eignaval – Hlutabréf hs.	591112-9880	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
<b>Íslensk hlutabréf</b>		
Stefnir – Innlend hlutabréf hs.	470206-8450	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Arðgreiðslusjóður hs.	581120-9740	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Innlend hlutabréf vogun hs.	510422-9960	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
<b>Alþjóðleg hlutabréf</b>		
Stefnir - Scandinavian Fund ESG hs.	430407-9880	Verðbréfasjóður
Eignaval Erlent hs.	591110-9930	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Stefnir – Sjálfbærar Norðurslóðir hs.	510422-9880	Verðbréfasjóður

# Undirritunarsíða

Jón Finnbogason